


2012

Skólanámskrá Furugrundar



Leikskólinn Furugrund

Skólanámskrá Furugrundar er samvinnuverkefni starfsmanna og foreldra leikskólans.



EFNISYFIRLIT

1.	Námskrá leikskóla Kópavogs - Skólanámskrá.....	5
2.	Sýn á nám leikskólabarna	5
3.	Starf leikskóla Kópavogs byggir á:.....	5
4.	Leikskólaperlan.....	6
5.	Leiðarljós leikskóla.....	7
6.	Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	7
	Nám án aðgreiningar - sérkennsla	7
7.	Leikur og nám	8
8.	Námsumhverfi	8
9.	Stefna Furugrundar	9
10.	Fræðilegur grundvöllur – kenningar.....	10
	Agi.....	12
	Leiðir í leikskólastarfinu	13
11.	Námssvið leikskólans.....	13
	Læsi og samskipti.....	13
	Málrækt	13
	Samverustundir.....	14
	Val	14
	Elstu barna verkefni - EBV.....	14
	Miðlamennt og miðlalæsi.....	15
	Heilbrigði og vellíðan.....	15
	Borðhald.....	15
	Svefn og hvíld.....	16
	Hreinlæti	16
	Frágangur og snyrtimennska	16
	Hreyfing.....	16
	Jóga.....	17
	Dans	17
	Lífsleikni.....	17
	útivera.....	17
	Vettvangsferðir.....	18
	Sjálfbærni og vísindi.....	18
	umhverfisvernd - Grænfánaskóli	19
	Lifandi vísindi og upplýsingatækni.....	20
	Skógarferðir.....	20
	Sköpun og menning.....	20
	Myndsköpun.....	21
	hópastarf - þemavinna	21
	Tónlist	22
	Menning og samfélag	22
	Evrópuverkefni.....	22
12.	Fjölskyldan og leikskólinn	23
	Tengsl skólastiga	24
13.	Mat á leikskólastarfi	24
14.	Starfsáætlun.....	24
15.	Lokaorð.....	25

1. NÁMSKRÁ LEIKSKÓLA KÓPAVOGS - SKÓLANÁMSKRÁ

Námskrá leikskóla Kópavogs byggir á Aðalnámskra leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrá leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli sína skólanámská. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna
2. Að stuðla að skilvirkara starfi
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra

2. SÝN Á NÁM LEIKSKÓLABARNA

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfshættir leikskóla mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

3. STARF LEIKSKÓLA KÓPAVOGS BYGGIR Á:

- lögum um leikskóla,
- aðalnámskrá leikskóla,
- reglugerðum um leikskóla,
- aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs,
- samþykktum bæjaryfirvalda (slóðir inn á: Stefnu og framtíðarsýn)
- ýmsum stefnumótandi samþykktum (slóðir inn á jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu, stefnu gegn einelti, forvarnarstefnu)

5. LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

6. LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólar Kópavogs starfa eftir eigin [jafnréttisstefnu](#). Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Í leikskólanum fá börn tækifæri til að gleðjast með öðrum, læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Mikilvægt er að virða rétt allra til virkrar þátttöku á eigin forsendum, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu.

NÁM ÁN AÐGREININGAR - SÉRKENNSLA

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fáiast við viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá sérkennslu **samkvæmt reglum**, sem sveitarfélagið setur þar um.

Skipulag sérkennslu er í höndum sérkennslustjóra. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, þ.e. að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir hvert og eitt barn sem nýtur sérkennslu og þær endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir. Sérkennslan fer fram í leikhópnum, litlum og stórum og er einnig einstaklingsbundin allt eftir aðstæðum hverju sinni. Leikhópar eru fámennir fyrirfram ákveðnir hópar og hefur hver og einn hópur sín markmið og leiðir. Markmið okkar er að allir starfsmenn gæti þess að börnin sem eiga í hlut, séu hluti af barnahópnum og eigi sömu hlutdeild í leikskólastarfinu og hin börnin.

Leikskólinn leggur mikla áherslu á samvinnu við foreldra sem byggð er á gagnkvæmu trausti. Foreldrar taka þátt í ákvarðanatöku, hlustað er á foreldra og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi eru gerðar viðeignadi ráðstafanir. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins kallaðir til sérfræðingar leikskóladeildar til frekari ráðgjafar.

Markmið með sérkennslu eru að:

- styðja barnið þannig að það njóti leikskólavalar sinnar sem best
- skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum

7. LEIKUR OG NÁM

Leikur er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra.



Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og aflu sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er uptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfra hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og þróa vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra börnin einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annara, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund barnanna.

8. NÁMSUMHVERFI

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Leikskólakennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafli þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börnum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

9. STEFNA FURUGRUNDAR

Í Furugrund viljum við að börnunum líði vel og séu örugg með sig þegar þau útskrifast og hefja nám á næsta skólastigi. Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir ólíkum þörfum og skoðunum. Virðingarhugtakið er grundvallaratriði í samskiptum allra bæði barna og fullorðinna. Við viljum rækta með börnunum sjálfsaga, sjálfstæði og frumkvæði. Markmiðið er að þeir einstaklingar sem dvelja í leikskólanum verði öruggir og sjálfstæðir og geti valið og hafnað fyrir sig. Leikskólinn á að vera fordómalaus, við reynum að skilja ekki dæma. Glæðværd á að setja mark sitt á leikskólasterfið.

Sú framtíðarsýn sem við sjáum börnum til handa er samfélag lýðræðis, umburðarlyndis, jafnréttis og samvinnu. Samfélag sem hefur það að leiðarljósi að við njótum réttinda en höfum einnig skyldur. Eitt er öruggt að veröldin er síbreytileg og kallar á að börnin okkar þurfa að geta lagað sig að nýjungum. Einkunnarorð Furugrundar eru, **virðing, hlýja, öryggi og traust.**



Langtímamarkmið

Til þess að barn þroskast sem heilbrigður einstaklingur eru þrjár grunnþarfir sem þarf að fullnægja:

Öryggisþörf: Þörfin fyrir stöðugleika og öryggi. Grundvallartraust í öllum samskiptum. Að byggja upp öryggiskennd hjá barninu m.a. með því að daglega starfið sé í föstum skordum, reglur skýrar og samskiptin séu þess eðlis að barnið fái traust á leikskólakennaranum. Öryggiskenndin er grundvöllur að heilbrigðum persónuþroska og forsenda tilfinninga, félags og vitsmunuþroska. Við viljum að leikskólinn sé staður þar sem börn geta verið þau sjálf.

Félagsleg þörf: Það að þykja vænt um hvort annað og taka á móti væntumþykju, að læra að gefa og þiggja. Þjálfva upp félagslega færni barnsins og hæfni til samskipta. Með hlýjum, örvandi og ábyrgum samskiptum er stuðlað að félags og tilfinninguþroska sem blómstrar.

Sjálfsvirðingarþörf: Að finna gildi sitt í því sem lagt er að mörkum og fá viðurkenningu frá öðrum. Styrking sjálfsmýndar barnsins er þar í fyrirrúmi með því að barnið fái trú á eigin getu. Sjálfsmýndin er það sem barninu finnst um sjálft sig, hún þroskast í félagslegu samhengi og umhverfi. Það lífsviðhorf sem börn öðlast er að miklu leyti byggt á þeirri viðurkenningu sem fengin er frá umhverfinu. Viðurkenning sem gefin er með líkamstjáningu eða orðum er börnum lífsnauðsynleg. Öryggi og traust eru grundvallaratriði. Umönnun barnanna á að vera fyrsta flokks. Að vera elskaður eins og maður er. Traust og góð samskipti eru ríkjandi þáttur milli foreldra og starfsfólks. Í leik og starfi leikskólans eigum við að vera meðvituð um markmiðin þau eru rauði þráðurinn og stefnan sem við byggjum á.

10. FRÆÐILEGUR GRUNDVÖLLUR – KENNINGAR

Þroski barns og þekking á sér stað vegna þess að stöðug samvirkni er á milli barnsins og umhverfisins. Barnið lærir annað og meira í samskiptum sínum við önnur börn en í samskiptum við fullorðna. Í samskiptum við önnur börn þroskast félagsleg færni, samskipti, samvinna og lífsleikni.

Það á að gera leiknum hátt undir höfði, leikurinn er leið barnsins til þess að læra. Í leikskólanum eru kenningar Eriksons einskonar leiðarvísir okkar um það hvernig börn þroskast og dafna. Erikson skiptir æviskeiði mannsins í átta stig. Á hverju stigi teflir hann fram andstæðum sem hann telur að einkenni umfram annað þróun einstaklingsins á viðkomandi aldursskeiði. Hér er gerð grein fyrir þremur fyrstu stígum eða skeiðunum í ævi mannsins. Það eru aldursskeið barnsins frá 0 - 6 ára.

Fyrsta skeiðið spannar aldurinn frá fæðingu til 18 mánaða. Verkefnið er að koma á trausti. Ef barnið upplifir stöðugleika, umhyggju og að einhver sé alltaf til staðar þroskast tilfinning þess fyrir því að umhverfið, sérstaklega það félagslega sé öruggur staður að búa á. Þar sem til staðar er fólk sem er ástríkt og umhyggjusamt. Ef umönnun barnsins er óáreiðanleg og tilviljanakennd og ef barnið upplifir höfnun fer það að vantroysta umhverfinu og verður tortryggið gagnvart því. Hvað traustið - vantraustið varðar er hollt að vera minnugur þess að enginn er fullkominn. Rannsóknir hafa leitt í ljós að það er einnig mögulegt að barnið verði ofverndað. Lítilsháttar biðtími skaðar ekki þegar barnið krefst einhvers. Í þessu gildir n.k. línudans. Barnið þarf að læra að bíða. Ef jafnvægi er ríkjandi þroskast með barninu vissa þess að í fyllingu tímans mun endirinn verða góður. Fyrstu merki þess að barninu gengur vel á þessu stigi eru þegar barnið oftúlkar ekki þegar það þarf að bíða eftir því að þörfum þess sé fullnægt. Þessi hæfileiki kemur að notum síðar í lífshlaupinu vegna þess að lífið er ekki alltaf dans á rósum.



Annað skeiðið, sjálfræði - sektarkennd, spannar aldurinn 2-3 ára. Þar er aðalþroskaverkefnið að öðlast sjálfræði og sjálfstæði og að læra að treysta á eigin vilja og getu. Uppalendum er mikill vandi á höndum í þessu efni. Á þessum aldri er nauðsynlegt að leggja grunn að sjálfstæðri skaphöfn og vilja, því má ekki leggja of miklar hömlur á sjálfræði barnsins. En því má ekki gleyma að barnið er ekki nægilega þroskað til þess að gefa því algjörlega lausan tauminn. Ef vel tekst til öðlast barnið styrka sjálfráða skaphöfn. Ef illa tekst til fyllist barnið efasemdum um eigið ágæti, efasemdum um eigin ákvarðanir, öryggisleysi og sektarkennd getur þá verið áberandi. Ef taumurinn er gefinn laus og barninu eru lítil sem engin takmörk sett eða þá að allt er gert fyrir barnið sem það á að geta gert sjálft upplifir barnið að það sé ósjálfbjarga. Ef þolinmæði og biðlund okkar sem uppalenda er ekki til staðar t.d. ef við getum ekki beðið eftir barninu sem er að æfa sig í að reima skóna sína, getur það leitt til þess að barnið læri lítið. Verkefnið sé einfaldlega allt of erfitt. Æfingin skapar nefnilega meistaran.

Þriðja skeiðið, frumkvæði - sektarkennd spannar aldurinn 3 - 6 ára. Barnið er nú fært um að skipuleggja og fær hugmyndir sem það framfylgir. Náttúruleg forvitni er afar mikil og ber hinum fullorðnu að styðja við og styrkja athafnir sem eru uppbyggilegar og byggja á samskiptum og samvinnu. Ef of miklar hömlur eru settar í uppeldinu getur afleiðing þess orðið sektarkennd. Öfgar í hina áttina eru agaleysi, þar sem engar hömlur eru settar við því

hvað er óviðeigandi hegðun. Að kenna börnum á þessum aldri er bæði upplífandi og skemmtilegt en að sama skapi erfitt. Barnið sýnir mikið frumkvæði, ég sjálf, get allt, kann allt og hikar ekki við að verja sitt. Umhverfi sem bregst við áhugahvöt barnsins er líklegt til að ná árangri. Að setja mörk og hafa fáar og sanngjarnar reglur er nauðsynlegt á þessum aldri. Félagslegi þátturinn er lykilatriði; börn verða að fá nægilegt frelsi til þess að öðlast þann félagsþroska sem gerir þeim fært að eiga samskipti við aðra, það er ekki síður nauðsynlegt að börn skilji að það er ýmislegt í þessu lífi sem þarf að óttast. Í fyrsta lagi kemur skýrt fram í kenningum Erikson að leikurinn er aðalatriði og í annan stað er það undirstrikað að hlutverk hins fullorðna í lífi barnsins er mikilvægt. Þættir eins og frumkvæði, sjálfstæði, sjálfræði þroskast mest og best í félagslegum samskiptum og í hlutverka/þykjustuleikjum. Í leikskólanum fá börnin að sýna frumkvæði og við sem hér störfum höfum ekki áhrif á athafnir barnanna svo lengi sem þær eru innan þeirra marka og þeirra reglna sem við setjum.



Rússneski þróunarsálfræðingurinn Lev Vigotsky setti fram kenningu um félagslegan og menningarlegan þátt þroskans. Hann tengir saman félags og vitsmunapróska á þann hátt að félagsleg reynsla og tungumálið séu grundvöllur í vitrænum þroska barna. Félagsleg reynsla mótar hugsun og túlkun einstaklinga á heiminum. Tungumálið gegnir lykilhlutverki því það er tæki hugsunarinnar. Í félagslegum tjáskiptum barns og fullorðins mótask málið og hin mannlega hugsun. Hann gengur út frá því að barnið býi yfir hæfileikum sem það ráði ekki að þroska án aðstoðar fullorðinna og reyndari félaga. Vigotsky telur leikinn vera félagslegan arf menningarinnar því áhrif menningar verða líffræðilegum þáttum yfirsterkari og sérhver lýsing á þroska barns er lýsing á „Barni síns tíma“. Í menntunarlegu og félagslegu tilliti eru eftirfarandi atriði mikilvægust í þroska barna: Í fyrsta lagi þátttaka barna í tjáskiptum við fullorðna og eldri félaga /fyrirmyndir gefur barni kost á að læra tungumál samskiptanna og nota það síðan til að framkvæma eigin sjálfstæðar athafnir. Í öðru lagi að fullorðnir skapa aðstæður sem eru hvetjandi og styðja með leiðsögn þegar þeir aðstoða og styðja barnið þar til það ræður sjálft við það að taka ábyrgð á verkefninu. Í þriðja lagi að þátttaka barna í jafningjahópi hvetur einnig til vitræns þroska þar sem félagar með mismunandi styrk á mismunandi sviðum deila ábyrgð og leysa mál um leið og þeir vinna að sameiginlegu markmiði. Umhverfið hefur þannig áhrif á þroska barnsins sem og sú menning sem barnið er sprottið úr. Því ríkara sem barnið er af reynslu því auðveldara á barnið með að vera skapandi. Vigotsky skrifar um „svæði mögulegs þroska“ það má útleggja sem svo, að geta meira og meira, meira í dag en í gær.

Kenningar Piaget byggja einnig á umhverfis og þroskaþáttum. Samkvæmt þeim fer barnið í gegnum fjögur stig í vitsmunapróska. Fyrstu tvö stigin eru skynhreyfistig frá fæðingu til tveggja ára og þá tekur við foraðgerðarstig. Á fyrra stiginu notar barnið skynfæri og hreyfifærni til að skilja heiminn en á því síðara er barnið farið að beita táknbundinni hugsun. Vitsmuna og siðgæðisþroskinn byggist upp á þann hátt að barnið byggir upp þekkingu sína í samvinnu og samvirkni við umhverfið og annað fólk. Piaget kennir okkur það að einblína síður á hvað börn læra heldur hvernig þau læra.

Þessir kennismíðir leggja áherslu á það sama, þörf barnsins fyrir að læra í gegnum leikinn. Þörf fyrir öryggi, samskipti við jafningjahóp og ekki síst fyrirmyndina og leiðsögnina frá hinum fullorðna. Það sem börn reyna og upplifa hefur bein áhrif á það hvernig þau þroskast. Hugsun og nám er ferill þar sem samvirknin er á milli barnsins og umhverfisins.

Engin einhlít svör eru til við því hvernig uppeldi barna er best. Uppeldi er langtímaverkefni, skammtímalausnir eða uppskriftir að farsælu uppeldi duga oftast skammt. En ákveðnar leiðir hafa reynst farsælar við uppeldi barna. Lýðræðislegir eða leiðandi uppeldishættir er sú aðferð sem höfð er að leiðarljósi í leikskólanum. Leiðandi uppeldisaðferð byggir á því að krafist er þroskaðrar hegðunar af barninu. Sett eru skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, útskýringar eru notaðar og börnin hvött til þess að skýra út sitt sjónarmið. Umræður þar sem koma fram sjónarmið beggja t.d við það að setja reglur.

Sýna ber börnunum mikla hlýju og uppörvun þ.e. samskipti byggjast á hlýju og samvinnu, útskýringum og rökum. Uppeldi byggir á siðferðisþroska, dómgreind, viðurkenndri hegðun og samskiptum manna á meðal. Hvað samskiptabáttinn varðar er talið að þróunin verði sú að störf framtíðarinnar og líf okkar á jörðinni muni fyrst og fremst þurfa að byggja á samvinnu og samskiptum.

Samskiptareglur byggjast á gagnkvæmri virðingu og nauðsyn þess að koma fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig. Sú vísa er ekki of oft kveðin að fullorðnir eru fyrirmyndir. Það sem gert er skiptir meira máli en það sem sagt er. Við eigum að vera á fyrirmyndarvaktinni, alltaf. Börn læra af fullorðnum þær reglur sem settar eru og gerð er krafa um við ólíkar aðstæður.

AGI

Í leikskólanum leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist jákvæður agi (Positive discipline). Stefnan byggir á svokallaðri „sjálfstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá börnin til að tileinka sér þrjú viðhorf;

- **Ég get** (Sjálfstraust). Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa börnin öruggt andrúmsloft þar sem þau geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómur um velgengni eða mistök, rétt eða rangt. Í leikskólanum búa börnin við öruggt umhverfi þar sem þau geta mátað hegðun sína í umburðarlyndu andrúmslofti, uppgötvað hvernig hún snertir aðra og kannað möguleika á breytingum.
- **Ég tilheyri og mín er þörf** (Að tilheyra). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa börnin að upplifa það að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega. Í leikskólanum hafa allir tækifæri til að láta sínar skoðanir og tillögur í ljós. Börnin læra að þau geta lagt sitt af mörkum við að finna lausnir og geta fylgt völdum lausnum eftir á áhrifaríkan hátt.
- **Ég hef áhrif** (Áhrif). Til þess að börnin öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þau að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu. Í leikskólanum búum við til aðstæður þar sem börnin geta upplifað að það sé í lagi að gera mistök og að hægt sé að læra af þeim og gera betur næst. Börnin læra að það er í lagi að taka ábyrgð á mistökum sínum því að þau verða ekki dæmd en fá þess í stað aðstoð við að kanna möguleika til að læra af þeim.

LEIÐIR Í LEIKSKÓLASTARFINU

Í leikskólanum er lögð áhersla á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð, með áherslu á leik barna sem náms og þroskaleið, uppgötvunarnám. Í leikskólanum ræktum við alhliða þroska barnsins og hlúum að öllum þroskaþáttum þess, eflum þá og örvum samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta. Leitast er við að efla heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf barna.

Leikskólinn setur sér ákveðna áherslupætti eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með í lengri eða skemmri tíma. Þessar áherslur/markmið eru gjarnan hluti af starfssáætlun. Hugtökin virðing, hlýja, öryggi og traust eru leiðarljós í hugmyndafræði leikskólans í öllum samskiptum. Við erum vakandi fyrir umhverfinu og leggjum áherslu á að ganga vel um náttúruna og bera virðingu fyrir öllu sem lifir.



11. NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Náms svið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

LÆSI OG SAMSKIPTI

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

MÁLRAEKT

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með tungumálinu tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum. Allar daglegar athafnir eru nýttar til að efla og styrkja samskipti eru t.d. í fataherberginu, við matarborðið, í leik, útiveru, leikfimi, samverustundum, leikhópum og hópavinnu. Lögð er áhersla á að tala gott íslenskt mál.

Markmið málræktar í leikskólanum eru að:

- barnið fái tíma, tækifæri og rými fyrir fjölbreytt samskipti við önnur börn og fullorðna, jafnt í stórum sem smáum hópum

- umhverfi barnsins sé hvetjandi og barnið aðstoðað við að byggja upp góðan orðaforða
- börnin fái færi á að tjá sig og þau læri að hlusta hvert á annað
- barnið verði fært um að segja frá skoðunum sínum, tilfinningum og væntingum fyrir framan hóp.

SAMVERUSTUNDIR

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er í samverustundum fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer fram. Fjallað er um heiti daganna og mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra. Það að safnast saman í hóp stutta stund á hverjum degi eflir samkenndina og er hvíld í amstri dagsins.

Markmið með samverustundum eru að:

- stuðla að málörvun og alhliða námi
- eiga notalega stund saman

VAL

Á eldri deildum leikskólans er valkerfi. Valkerfið er grundvallað á hugmyndum uppeldisfrömuða um áhugahvöt og virkni barnsins.

Valið gefur börnunum kost á fjölbreyttum verkefnum og húsnaði og búnaður skólans nýtist vel. Starfsmenn hafa ekki áhrif á val barnanna. Valkerfið er rammi utan um frjálsta leikinn, börnin velja athafnasvæði til þess að leika sér. Börnin bera ábyrgð á vali sínu og þurfa að standa við val sitt í ákveðinn lágmarkstíma og ganga frá eftir sig þegar þau skipta um verkefni. Hvert rými hefur sinn lit á valtöflunni og er takmarkaður fjöldi af hverjum lit á töflunni. Hvert barn á sitt ákveðna merki (eins og á hólfinu). Þegar barnið hefur valið, setur það litamerki rýmisins við merki sitt. Tilgangurinn með valtöflu er tvíþættur. Hún takmarkar fjölda barna í hverju rými og einnig gefur hún eldri börnum tækifæri til að skipuleggja leik sinn og hvar er hægt að vera. Börnin velja sér ýmist eftir athafnasvæðum eða eftir því hvar félagar þeirra eru í leik.

Markmið með valkerfi eru að:

- stuðla að sjálfræði og sjálfstæði
- bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
- nýta vel búnað og rými leikskólans
- börnin dreifist á leiksvæði leikskólans

ELSTU BARNA VERKEFNI - EBV

Elstu börnin hafa mikla þörf fyrir að takast á við krefjandi verkefni sem reyna á færni þeirra bæði andlega og líkamlega. Sérstök áhersla er lögð á að þetta séu leikskólaverkefni þar sem hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar. Með þeim læra þau að fullvinna verk sín, þjálfa einbeitingu, færni og úthald. Í leikskólum Kópavogs er [sérstök námskrá](#) ætluð elstu börnum leikskólans. Hún tekur til



hreyfingar, málræktar, myndsköpunar, náttúru og vísinda, tónlistar og stærðfræði. EBV hefjast í byrjun október ár hvert og eru einu sinni í viku fram í apríl. Í EBV hittast elstu börnin af báðum eldri deildunum og vinna ýmis verkefni, þau teikna, leika sér með bókstafi, ríma, búa til sögur og læra ýmis stærðfræðihugtök. Vettvangsferðir og heimsóknir eru hluti af EBV. Í janúar er farið í heimsókn í Snælandsskóla til að undirbúa börnin undir grunnskólagönguna og í febrúar kemur 1. bekkur Snælandsskóla í heimsókn til okkar í leikskólann. Með heimsóknunum er einnig verið að koma af stað umræðum og vangaveltum um grunnskólann og brúa bilið milli skólastiga.

Sú hefð hefur skapast að elstu börnin fara í sumarbústað í maí og gista þar eina nótt. Markmiðið með því er að efla samkennd í hópnum og að börnin öðlist trú á eigin getu.

Markmið með elstu barna verkefnum eru að:

- efla sjálfstæði og frumkvæði
- efla hópkennd og samvinnuhæfni
- tryggja þeim krefjandi verkefni.

MIÐLAMENNT OG MIÐLALÆSI

Leikskólinn á að veita börnunum heildstæða sýn og þjálfun í nútímataekni, stuðla að fjölbreyttum vinnubrögðum og veita þeim jöfn tækifæri til að afla sér þekkingar og upplýsinga og miðla þeim á skapandi og gagnrýninn hátt. Leikskólinn starfar eftir stefnu leikskóla Kópavogs um upplýsingatækni. Í leikskólanum nota börnin mismunandi miðla t.d. mynd-, hljóð-, prent- og netmiðla við nám sitt. Með því að auka þau færni sína og kunnáttu sem tengist fjölbreyttri miðlanotkun. Hæfni þeirra til að meta og greina upplýsingar eykst og geta þeirra til að búa til miðlaefni þróast.

Markmið miðlamenntar og miðlalæsis er að:

- auka færni barna til að beita tungumálinu
- auka notkun ýmissa ólíkra miðla
- efla getu barnanna til að starfa í hóp

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskólanum læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskólanum eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og náin tengsl við börnin.

BORÐHALD

Góð næring skiptir miklu máli fyrir líðan barna og þess vegna er lögð áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum

líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna.

Leikskólakennarar matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði og kurteisi. Börnin leggja á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá, yngstu börnin að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir. Það er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra.

SVEFN OG HVÍLD

Eftir hádegisverð er hvíld, yngstu börnin sofa en þau eldri eiga kyrrláta stund, hlusta á sögu eða rólega tónlist. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni. Sérstök „svefnherbergi“ eru á yngri deildunum þar sem öll börnin leggja sig eftir hádegisverð. Svefnþörf barna er ákaflega misjöfn, tekið er tillit til þess hvað varðar lengd hvíldarinnar. Á eldri deildum er hægt að koma því við að börnin leggi sig óski foreldrar eftir því.

HREINLÆTI


Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á að börnin þvoi sér eftir að þau hafa notað salerni. Yngstu börnin í leikskólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að sá ferill gangi vel fyrir sig. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu. Farið er á salernið fyrir máltíðir og útiveru.

FRÁGANGUR OG SNYRTIMENNSKA

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni sem og að ganga frá eftir matinn. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og allur efniviður sé aðgengilegur börnunum.

HREYFING

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í leikskólanum er hreyfiþörfin virt og örvuð og börnin læra að þekkja og skynja líkama sinn. Innandyra er deildunum skipt í athafnasvæði þar sem ólíkrar hreyfifærni er krafist. Þar er rými fyrir fínhreyfi og grófhreyfileiki. Hlutverk starfsfólks er að vera leiðandi og hvetjandi. Gefa börnunum tækifæri og tíma til að prófa sig áfram. Farið er í gönguferðir þar sem fléttað er saman náttúruskoðun, útivist og hreyfingu. Í hverri viku eru skipulagðir leikfímistímar sem fara fram utandyra eða í leikfimisal Snælandsskóla.



Meginmarkmið hreyfingar eru að:

- barnið hafi nægan tíma, tækifæri og rými til að styrkja líkama sinn og upplifa eigin getu

- barnið þekki líkama sinn og hina ýmsu líkamshluta
- barnið ráði yfir þeirri færni að geta framkvæmt daglegar athafnir eins og að klæða sig sjálft og borða
- aðstoða barnið við að læra að bjarga sér sjálft
- efla líkamsvitund, hreyfifærni, samvinnu, úthald, samhæfingu hreyfinga og jafnvægissskyn
- fylgja fyrirmælum og reglum
- njóta þess að hreyfa sig og vera með.

JÓGA

Jóga er alhliða lífspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jóga með börnum miðar að því að þau viðhalda meðfæddum liðleika, byggja upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu, sem og að stuðla að spennulosun og innri ró.

DANS

Ár hvert er boðið upp á 6 vikna dansnámskeið, þar sem börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þau læra nokkra einfalda og skemmtilega dansa. Börnin læra að fylgja fyrirmælum í hóp og taka tillit til annarra. Einnig kynnast þau tónlist frá ýmsum löndum og upplifa takt auk þess sem samhæfing þeirra eykst. Það reynir einnig á nán samskipti og félagsfærni sem og stærðfræðikunnáttu þeirra.

LÍFSLEIKNI

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt. Þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

ÚTIVERA

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir og eykur mótstöðuafli. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, og er útivera talin hafa góð áhrif á samskipti, hreyfingu og fjölbreytni í leikjum barnanna og stuðla að betri líkamsfærni og rúmskynjun.

Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki. Í útiverunni gefast börnunum fjölbreyttir möguleikar á félagslegri þjálfun. Markmið með útiveru eru að:

- efla alhliða þroska
- auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol

VETTVANGSFERÐIR

Börnin fara oft í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær gjarnan því þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Vettvangsferðir út í náttúruna, heimsóknir á vinnustaði og söfn gefa börnunum reynslu sem hægt er að vinna með til dæmis í skapandi starfi. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna. Í vettvangsferðum er ýmist farið í litlum eða stórum hópum. Ferðir sem þessar gefa mikla möguleika á að örva og styrkja félagsfærni og samskipti barnanna auk þess sem þau tengjast betur sem hópur.



Staðsetning og nærumhverfi leikskólans býður upp á mikla möguleika hvað varðar vettvangsferðir. Fossvogsdalur og skógræktin eru mikið notaðir í tengslum við þessar ferðir. Þangað er til dæmis farið til að skoða tré, blóm, fuglalíf og það sem börnin sýna áhuga hverju sinni. Fylgst er með árstíðaskiptum og unnin ýmis verkefni í tengslum við þær. Efniviður til sköpunar er mikið sóttur þangað og unnið úr honum í skólanum.

Markmið vettvangsferða eru að:

- víkka sjóndeildarhring
- kynnast menningu og listum
- tengjast nánasta samfélagi sínu
- kynnast nær umhverfi sínu og náttúru
- skemmta sér.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Í þeirri menntun felst skilningur á samfélaginu, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðarinnar. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð.

Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Börn eru fróðleiksfús og beita ýmsum aðferðum til að kanna og skilja umhverfi sitt. Börn nota snertiskyn, bragðskyn, flokkun, samanburð, og gagnvirka hlustun til að öðlast reynslu af umhverfi sínu og þarf að leggja áherslu á samhengi þeirra verkefna sem unnið er með.

Í vettvangsferðum út í náttúruna fá börnin smám saman aukna tilfinningu fyrir vegalengdum sem styrkja tengsl þeirra og skilning á nánasta umhverfi.

Fylgst er með breytingum á gróðri eftir árstíðum, birtu, vatnsrennsli í lækjum, trjám, blómum, fuglalífi o.fl.. Fossvogsdalur er uppspretta hugmynda fyrir náttúruvísindi og listsköpun.

Í grenndarkennslu er lögð áhersla á að börn læri að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru t.d. í gegnum flokkun sorps, orkusparnað ofl. Farnar eru ferðir í Sorpu þar sem börnin fá fræðslu hjá starfsfólki.

Á leikskólalóðinni er börnunum kennt að týna rusl og ganga vel um, hlúa að plöntum og dýrum. Hugtökin verndun og virðing eru höfð að leiðarljósi. Hlutverk starfsfólks er að vera til fyrirmyndar í orði og verki og ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Leikskólinn starfar eftir [Umhverfisstefnu Kópavogs](#)

Markmið okkar eru að:

- náttúruvernd sé eðlilegur hluti af daglegu lífi
- börnin læri að virða líf, náttúru og umhverfi Fossvogsdals
- börnin fræðist um náttúruvísindi með aðstoð tæknibúnaðar
- börnin fái tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi
- efla sköpunargleði og hugmyndaflug barnanna
- læra að koma á framfæri hugmyndum sínum með aðstoð upplýsingatækni

UMHVERFISVERND - GRÆNFÁNASKÓLI

Fimmtudaginn 2. júní 2009 fékk leikskólinn Furugrund Grænfánann afhentan í fyrsta sinn. Grænfáni er aldrei afhentur nema til tveggja ára varðveislu og skólar þurfa að sýna fram á að þeir haldi áfram að gæta að umhverfinu og sækja um Grænfánann að tveimur árum liðnum.

Umhverfissáttmáli var saminn með þátttöku allra hópa sem að skólanum kemur, nemendum, kennurum og foreldrum og hljóðar svo:



Í FURUGRUND ER LEITAST VIÐ AÐ KENNA BÖRNUM AÐ:

- þekkja, elska og virða umhverfi sitt og íslenska náttúru
- þekkja og ganga vel um þann gróður sem vex í næsta nágrenni skólans, bæði á skólalóð og utan hennar
- þekkja fuglana og hljóð þeirra
- þekkja skordýr, pöddur og orma
- ganga vel um umhverfi sitt
- henda ekki rusli á víðavangi
- tína upp rusl og setja í ruslagáma
- flokka pappír og endurnýta það sem til fellur í leikskólanum
- slökkva ljós í mannlausum rýmum

VIÐ VILJUM:

- minnka úrgang eins og kostur er
- minnka notkun á plastpokum

- nota umhverfisvænar hreinlætisvörur
- nota lífrænt ræktaðan mat eftir því sem hægt er
- minnka neyslu á unnum matvörum
- minnka notkun á efnum sem eyðast seint í náttúrunni
- ganga vel um húsnæði og eigur leikskólans
- nota umhverfisvæn leikföng
- spara orkunotkun
- spara pappírnotkun

LIFANDI VÍSINDI OG UPPLÝSINGATÆKNI

Í leikskólanum er börnunum boðið upp á vísindavinnu þar sem leikið er með ljós og skugga, einnig reyna börnin að átta sig á litum, formum og lögun hluta. Notaður er myndvarpi til þess að varpa ljósi og myndum á vegg. Börnin á eldri deildunum nýta sér m.a. stafrænar smásjár til rannsókna bæði í hópstarfi og í frjálsum leik. Eldri börnin læra að taka ljósmyndir og myndbönd í hópstarfi og skógarferðum.

SKÓGARFERÐIR

Skógarferðir eru skipulagðar með elstu börnum leikskólans fyrir utan aðrar ferðir sem börnin fara í reglulega með hópstjórum sínum. Gengið er út Fossvogsdal og dvalið í skógi sem er í nágrenni Lundar. Hver skógarferð tekur að jafnaði um 100 mínútur, en geta verið lengri þegar fer að vora. Vistvænar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi í allri starfsemi hópsins þannig að börnin alist upp við að ganga vel um náttúruna og umhverfið og skilji hvers vegna það er mikilvægt.



Dvöl úti í náttúrulegu umhverfi eykur samskipti milli barna og einnig milli barna og fullorðinna.

Markmið skógarferða er að skapa aðstæður og skipuleggja útivist barnanna á skógarsvæði sem leikskólinn hefur aðgang að, þannig að það ýti undir:

- ást þeirra, áhuga og skilning á náttúrunni í heimabyggð.
- líkamlegt heilbrigði barnanna gegnum það að börnin fái fjölbreytta hreyfingu.
- að þau fái tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi.
- sköpunargleði og hugmyndaflug
- sterka sjálfsímynd og sjálfstraust
- hæfni barnanna til að setja sig í spor annarra og vinna saman.

SKÖPUN OG MENNING

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

MYNDSKÖPUN



Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín bæði í leiklist og myndlist og sköpunargleði þeirra njóti sín jafnt úti sem inni. Sjálft sköpunarferlið skiptir mestu máli. Föndurstofur á eldri deildum eru skipulagðar með það í huga að börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið og verkfærum til afnota. Börnin eru hvött til að prófa og gera tilraunir og að tjá sig um það sem þau eru að gera og reyna nýjar leiðir með vettvangsferðum t.d. heimsóknum á myndlistarsýningar. Yngstu börnin hafa ekki þennan frjálsa aðgang að efnivið, en í skipulögðum stundum vinna þau með liti, pappír, leir o.fl.. Hlutverk leikskólakennarans er að fylgjast með og grípa tækifærin þegar þeir sjá að forvitni barnanna er vakin og aðstoða þau og hvetja til að gera tilraunir og finna svör við spurningum sínum.

Meginmarkmið myndsköpunar eru að:

- viðhalda forvitni og frumkvæði barnanna
- örva sköpunargleði
- börnin verði fær um að tjá sig í gegnum myndrænt form og ráði yfir þeirri færni og kunnáttu sem þarf til að geta notað blýanta, liti, málningu, leir, myndavélar, snjalltöflu og einföld verkfæri sér til ánægju

HÓPASTARF - ÞEMAVINNA

Náttúran og umhverfið er rauður þráður í sköpunarvinnu. Haustið er ríkulegasta árstíðin í þemavinnunni þá afla börnin sér efniviðar sem unnið er með yfir veturinn. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp. Hópavinna er einu sinni í viku. Sami starfsmaður er með hópinn allan veturinn. Í hópastarfi er oftast unnið skapandi starf, hvort sem það felst í myndsköpun, föndri, ljóðum eða sögugerð. Foreldrar geta fylgst með öllu sem börnin taka sér fyrir hendur í hópastarfinu á heimasíðu leikskólans. Þar á hver hópur sér bloggsvæði sem hefur að geyma upplýsingar um það sem gert er hverju sinni, bæði í máli og myndum. Í tengslum við ellefta maí ár hvert, á afmælisdegi bæjarins er afrakstur starfsins sýndur foreldrum og bæjarbúum á opnu húsi.

Markmið hópavinnu eru að:

- byggja upp jákvæða sjálfsmynd barnsins svo það öðlist trú á eigin getu
- barnið læri að starfa sjálfstætt og í hóp að sameiginlegu markmiði
- auka samskiptahæfni barnanna
- börnin læri að þekkja hvort annað og treysta hvert öðru

TÓNLIST

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi.

Daglega eru söngstundir þar sem kenndar eru þulur og söngvar og hlustað á tónlist. Við syngjum saman og fyrir hvort annað. Á eldri deildum leikskólans er börnunum boðið upp á tónlistarstundir vikulega. Skipulag er sett upp fyrir hvern mánuð þar sem fram koma hljóðfæri mánaðarins, hreyfi/tónlistarleikir mánaðarins, þula mánaðarins og sönglög mánaðarins. Áætlunin er mjög vel undirbúin og aðgengileg fyrir alla aðila á heimasíðu leikskólans. Í daglegu starfi eru hreyfileikir og söngleikir notaðir og börnin hvött til að gera tilraunir með hljóð og hljóðgjafa. Hlutverk starfsmanna er að skapa tíma og rými fyrir börn til að njóta tónlistar og þess að framleiða hljóð. Að leiða börnin áfram í tilraunum og leik. Með því að spyrja „ hvað gerist ef ?“

Markmið tónlistar eru að börnin:

- kynnist margvíslegum hljóðfærum og hljóðgjöfum
- geti greint á milli frumþátta í tónlist eins og mismunandi dýpt-hraði
- bgeti hlustað á stutt tónverk og rætt um þau
- geti notað og framleitt tónlist/ hljóð sér til ánægju

MENNING OG SAMFÉLAG

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað er um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Í starfsáætlun leikskólans er nánar fjallað um hefðir frá ári til árs.

EVROPUVERKEFNI

Markmið Menntaáætlunar ESB er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samskipti, samstarf, samnýtingu reynslu og þekkingar um menntun og þjálfun í Evrópu.

Comenius skólasamstarfsverkefni miða að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölþjóðleg samstarfsverkefni við skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum.

eTwinning er hluti af Menntaáætlun Evrópubandalagsins og býður endurgjaldslaust rafrænt skólasamstarf. Boðið er upp á stuðning, rafræn verkfæri og þjónustu til þess að skólar geti stofnað til samstarfs í lengri eða skemmri tíma á sem einfaldastan hátt. Leikskólinn Furugrund leggur áherslu á að taka þátt í samstarfi við leikskóla úti í Evrópu bæði með þátttöku í Comenius skólasamstarfi og eTwinning rafrænu skólasamstarfi. Hægt er að skoða þátttöku leikskólans í Evrópuverkefnum á [heimasíðunni](#).

12. FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Megin hlutverk leikskólana felst í því að veita börnum leikskólamenntun, en jafnframt að leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans og aðbúnaði og umönnun barnanna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Áhersla er lögð á að eiga samstarf við báða foreldra barnsins. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.



Við upphaf leikskólagöngu er foreldrum vísað á Kynningarbækling sem er á heimasíðu leikskólans. Þar koma fram hagnýtar upplýsingar um skólagöngu barnsins.

Foreldrum er ávallt velkomið að dvelja í leikskólanum og taka þátt í starfinu og þeir eru hvattir til að láta deildarstjóra vita ef þeir óska að dvelja einhverja stund. Á hverri deild er upplýsingatafla í forstofu þar sem upplýsingum til foreldra er komið á framfæri. Upplýsingum er einnig dreift með öflugri heimasíðu. Eins oft og þurfa þykir eru upplýsingar sendar með tölvupósti til foreldra/forráðamanna.

Í forstofu hvernar deildar eru ljósmyndir af starfsmönnum viðkomandi deildar merktar nafni og starfsheiti. Almennt gefa allir starfsmenn upplýsingar um barn til foreldra þess. Í sumum tilfellum gefa þó aðeins deildarstjórar og/eða leikskólastjóri upplýsingar varðandi einstök atriði.

Foreldraráð starfar við leikskólann samkv. lögum um leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélagsins er að styðja vel við starfið í leikskólanum og eru foreldrar hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Markmið með foreldrasamstarfi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

TENGL SKÓLASTIGA

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl skólanna í hverfinu er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um barnið sem leikskólinn varðveitir.

13. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Leikskólar Kópavogs hafa þróað fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Matið á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að það geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Í Starfsáætlun Furugrundar er nánar fjallað um þau matskerfi sem leikskólinn notar.

14. STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana. Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

15. LOKAORÐ

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólastefnu Kópavogs. Við gerð Skólanámskrár Furugrundar var lögð áhersla á aðkomu foreldra og alls starfsfólks. Hún tekur mið af áhuga barna og sjónarmiðum og unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila mótuðust helstu áherslur og viðmið í starfi leikskólans. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans. Skólanámskráin á að vera lifandi og munum við endurskoða hana reglulega.

Desember 2012

Helga E Jónsdóttir
leikskólastjóri